



## 56. Körfuknattleiksþing | 15. mars 2025

Þingskjal nr. 06 – Þingsályktun reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd

### Þingsályktun – Reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd

Vegna þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd í anda samþykktar Körfuknattleiksþings 2023, þá er stjórn KKÍ hvött til að fara rólega í þær breytingar. Það er einstaklega mikill munur á rekstrarumhverfi liða í úrvalsdeildum annars vegar og 1. deildum hins vegar. Að setja reglur um ótilgreindan kostnað á lið í 1. deildum, sem rekin eru af litlum eignum getur skaðað rekstrarumhverfi þeirra liða og þrengt enn frekar að erfiðu rekstrarumhverfi.

Stjórn KKÍ er því hvött til að gera breytingar einungis á úrvalsdeildum í fyrsta kasti og sjá hvernig til takist áður en lengra er haldið.

#### **Greinargerð:**

*Mikill munur er á efnahag liða milli úrvalsdeilda karla og annarra deilda. Það er ekki jöfnu saman að líkja og sektir sem falla á lið í öðrum deildum hafa meiri áhrif á rekstur þeirra liða. Þess vegna telur tillöguflutjandi heppilegast að fara varlega í svona breytingar.*

*Snorri Örn Arnaldsson, KFG*

<b>Vísað til:</b>	<input type="checkbox"/>	Allsherjarnefndar	<input type="checkbox"/>	Fjárhagsnefndar	<input type="checkbox"/>	Laga- og leikreglnanefndar
<b>Afgreitt:</b>	<input type="checkbox"/>	Samþykkt óbreytt	<input type="checkbox"/>	Samþykkt með breytingum	<input type="checkbox"/>	Felld